



## 50. þing Siglingasambands Íslands

### 1. Setning þings

Gunnar Haraldsson formaður SÍL, setti þingið sem jafnframt er 50. þing Siglingasambandsins.

### 2. Kosning kjörbréfanefndar

Tryggvi Jóhann Heimisson (Nökkva), Markús Pétursson (Þyt) og Ólafur Bjarnason (Ými) voru kosnir í þriggja manna kjörbréfanefnd sem hefur störf.

### 3. Kosning þingforseta

Finnur Torfi Stefánsson, fyrrverandi formaður SÍL, kosinn þingforseti.

### 4. Kjör 1. og 2. þingritara

Helena W. Óladóttir (Brokey) bauð sig fram sem 1. þingritari. Samþykkt.  
Þorsteinn Aðalsteinsson (Ými) valinn 2. þingritari.

### 5. Ávörp gesta

Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, flutti ávarp og sagði frá starfsemi ÍSÍ, áskorunum íþróttahreyfingarinnar sl. ár og mikilvægi sjálfbæðaliða. Einnig frá fyrirhuguðu þingi ÍSÍ sem er á dagskrá í maí. Að lokum ræddi hann aðstöðu og aðstöðuleysi félaga og sérsambanda og kynnti endurbætt húsnæði ÍSÍ, þar sem þingið fer fram, sem stendur íþróttahreyfingunni til boða.

### 6. Boðun Siglingaþings

Þingforseti fór yfir lögmæti boðunar fundarins. Enginn fundargesta gerði athugasemdir við boðun þingsins og lýsti forseti þingið löglega boðað.

### 7. Álit kjörbréfanefndar

Markús Pétursson gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar og lýsti öll kjörbréf gild. Alls eru 13 atkvæði á þinginu:

<b>Aðildarfélag</b>	<b>Aðal/varafulltrúar</b>
<b>Siglingafélag Reykjavíkur – Brokey</b>	Helena W. Óladóttir Atli Gauti Ákason Árni Friðrik Guðmundsson
<b>Nökkvi, félag siglingamanna</b>	Tryggvi Jóhann Heimisson <del>Gauti Elfar Árnason</del> Gunnar Úlfarsson
<b>Siglingafélagið Hafliði</b>	Gunnar Geir Halldórsson Unnar Már Magnússon Trausti Þ. Ævarsson
<b>UMSK (Ýmir)</b>	Aðalsteinn Loftsson Ólafur Bjarnason Þorsteinn Þorbergsson
<b>Siglingaklúbburinn Þytur</b>	Markús Pétursson Jóhann Berthelsen Daníel Kristinn Pétursson
<b>Alls 15 kjörgengnir fulltrúar skv. Kjörbréfum en 14 mættir</b>	

## 8. Kosning þingnefnda

- Þrjú fulltrúar í fjárhagsnefnd kjörnir: Gunnar Úlfarsson (Nökkva), Daníel Kristinn Pétursson (Þyt), Anna Karen Jörgensdóttir (stjórn SÍL)
- Laga- og leikreglanefnd, þrjú fulltrúar: Aðalsteinn Loftsson (Ýmir), Trausti Þ. Ævarsson (Hafliða), Arnar Freyr (stjórn SÍL)
- Mótanefnd, þrjú fulltrúar: Gunnar Geir Halldórsson (Hafliða), Markús Pétursson (Þyt), Tryggvi Jóhann Heimisson (Nökkva)

## 9. Skýrsla stjórnar

Gunnar Haraldsson, formaður, fór yfir helstu atriði skýrslu stjórnar. Sjá meðfylgjandi.

## 10. Rekstrar- og efnahagsreikningur 2021

Arnar Freyr, gjaldkeri SÍL, fór yfir reikninga. Helstu atriði:

Útbreiðslustyrkur hefur lækkað mjög milli ára og búast má við að hann fari enn lækkandi. Enn er eftir að gera upp árið 2021 vegna afrekssjóðs. Í rekstrarreikningi síðasta árs eru styrkur Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands og útbreiðslustyrkur teknir saman.

Rekstrarkostnaður er hærri 2022 vegna launakostnaðar, þar sem starfsmaður hefur verið við SÍL allt árið.

Óskað var eftir skýringu á áhöldum og tækjum undir liðnum Fastafjármunir. Arnar svaraði að þar væru tiltekin segl sem eru í eigu sambandsins.

## 11. Umræður um skýrslu stjórnar

Tryggvi (Nökkva) benti á að nefnd hefði komið saman til að fara yfir hvað fór úrskeiðis varðandi mótahald síðasta sumar. Nefndin hefur skilað af sér en meginniðurstaðan er að þrátt fyrir góðar reglur og viðmið um mótahald voru félög sem tóku að sér að halda mótin ekki að fylgja þeim og því ekki í stakk búin til að halda þau mót sem þau tóku að sér.

Skýrsla stjórnar samþykkt samhljóða.

## 12. Umræður um samþykkt reikninga

Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ skerpti á hvernig setja skyldi fram ársreikninga félaga, sbr. tilmæli ÍSÍ. Setja skyldi ársreikning fram í samræmi við þá fjárhagsáætlun sem samþykkt er af þinginu (eða aðalfundi aðildarfélags) á síðasta ári. Þannig eiga félagar og aðilar sambanda auðveldara með að rýna ársreikninga og ganga úr skugga um að starf sé í samræmi við þær væntingar.

Andri benti á að í flestum tilfellum er starfsemi félags í meginatriðum fjórþætt, og þannig skyldi líka setja fram niðurstöðu ársreiknings:

- Daglegur rekstur – rekstur skrifstofu, launatengd gjöld
- Móta og keppnishald – Íslandsmót
- Afreksstarf – þátttaka í mótum erlendis o.fl.
- Fræðslu- og uppbyggingarstarf

Gera ætti betur grein fyrir hvers konar styrkir tilheyra hverjum lið og hvernig styrkjum er varið í ársreikningi. Hann benti SÍL á að þetta þyrfti að færa til betri vegar svo rekstrarreikningur endurspeglir betur fjármögnun og starfsemi sambandsins. Væntanlega væri mismunur milli 2021 og 2022, og munur sem mætti búast við 2023 að einhverju leyti lagfæringar á því sem hefur safnast upp í tíð fyrri stjórnar.

Um leið benti hann á að þegar eignarsjóður sýndi vöxt ætti að gera meira og gefa í, í starfseminni.

Gunnar Haraldsson, formaður, þakkaði fyrir þessa góðu ábendingu og tók undir athugasemdir framkvæmdastjóra ÍSÍ.

Markús Pétursson, gerði grein fyrir að fyrri stjórn hefði hagað þannig seglum í Covid að halda að sér höndum í starfseminni.

Reikningar samþykktir samhljóða.

## 13. Fjárhagsáætlun SÍL 2023 – Sjá þingskjal nr. 1

Þingforseti las upp fjárhagsáætlun SÍL. Áætlunin fer til meðferðar fjárhagsnefndar þingsins og kemur til afgreiðslu að hléi loknu. Tillaga stjórnar er að fjárhagsnefnd taki áætlunina fyrir í hléi.

Framkvæmdastjóri ÍSÍ vakti athygli á framsetningu áætlunarinnar m.v. fyrri athugasemd (sjá lið 12) og vísað er til fjárhagsnefndar að taka ákvörðun um hvort bóka skuli tekjur, jafnt í áætlun sem í ársreikningi, veittar eða greiddar.

## 14. Lagabreytingar

Eftirfarandi lagabreytingartillögur voru lagðar fram til afgreiðslu þingsins:

### a) Lagabreytingartillaga 23-01 (sjá þingskjal 2)

Tillagan varðar að Siglingaþing verði haldið að hausti í stað febrúar. Ársreikningar verða áfram samþykktir á ársþingi. En reikningar verða þó kynntir á formannafundi í febrúar (sbr. lagabreytingartillaga 23-03, þingskjal 3, sjá lið b). Markmið tillögunnar er að gefa nýrri stjórn SÍL meira svigrúm til að undirbúa tímabilið sem fyrst og fremst er á sumrin.

### b) Lagabreytingartillaga 23-02 (sjá þingskjal 3)

Tillagan varðar að formannafundur verði tvisvar á ári, að hausti og í febrúar.

c) Lagabreytingartillaga 23-03 (sjá [þingskjal 4](#))

Tillagan varðar heimild stjórnar til að setja reglugerðir og velja fulltrúa á íþróttaping í samræmi við reglur ÍSÍ.

Hafsteinn (ÍSÍ) skýrði reglur ÍSÍ varðandi skipan fulltrúa á íþróttaping og benti á að ef vísa ætti heimild til stjórnar þarf að greiða atkvæði um og 80% atkvæða þyrftu að falla henni í vil. Einnig benti hann á að starfsemi þings í nóvember yrði allt önnur, t.d. m.t.t. ársreikninga. Einnig þyrfti að breyta að ekki eru löggiltir endurskoðendur sem gera grein fyrir reikningum heldur ætti að vera skoðunarmenn reikninga.

Gunnar Haraldsson, formaður SÍL, þakkaði góðar leiðbeiningar en vildi skerpa á að með því að halda Siglingaping að hausti gæti verið hægt að lyfta fram vetrarstarfinu. Einnig er það mat stjórnar að annir klúbbanna hafa komið í veg fyrir þátttöku á þinginu.

Aðalsteinn (Ými) , vakti athygli á að knappur tími væri fyrir stjórn til að ganga frá ársreikningum og gera upp árið frá áramótum fram að Siglingapingi og lýsti yfir því að hann væri fylgjandi því að færa þing fram á haust. Einnig að samþykkt mótaskrár á þinginu geri félögunum erfitt fyrir að undirbúa og tilkynna mót með löglegum hætti.

Andri, framkvæmdastjóri ÍSÍ, lýsti í stuttu máli fyrirkomulagi aðildarfélaganna ÍSÍ á ársþingum og ársreikningum. Þannig er að 34 sérsambönd eru innan ÍSÍ, eitt þeirra er með með ársreikning sem ekki er almanaksár. Tvö halda þing að hausti (hestamenn og golfsambandið), en skíðasambandið er með formannafund að hausti. Rök þessara félaga eru þau að þá er tímabilið að klárast og hentar þannig betur. Ókostir við fyrirkomulag haustþinga varða ársreikninga, fjárhagsáætlanagerð o.s.fv. Hins vegar eru formannafundir að hausti betri til þess að fara yfir og undirbúa. Andri tók þó undir að það er knappt að halda þing svona snemma árs. en Siglingaping er fyrsta ársþing aðildarfélaganna ÍSÍ í almanaksárinu. T.d. Er Frjálsíþróttasambandið með þing í mars apríl annað hvert ár.

Þingforseti gerir dagskráartillögu um að vísa þessum þremur lagabreytingartillögum til laga- og leikreglnanefndar sem starfar í hléi. Dagskráartillagan er samþykkt samhljóða.

d) Mótaskrá 2023 (sjá [þingskjal 5](#))

Lögð fram tillaga að Mótaskrá fyrir árið 2023.

e) Mótaskrá 2024 (sjá [þingskjal 6](#))

Lögð fram tillaga að Mótaskrá fyrir árið 2024.

f) Breytingar á stigakerfi varðandi Íslandsbikar kjölbáta (sjá [þingskjal 7](#)).

Tillagan varðar að þriðjudagsmót verði ekki hluti af Íslandsbikar.

Gunnar Geir lýsti því að að hans mati ætti ekki að vera með kjölbátakeppni á Sjómannadaginn þegar siglingaklúbbarnir vilja vera í heimahöfn og þar með ætti mótið ekki að teljast stigakerfi Íslandsbikars.

Þingforseti benti á að hægt væri að gera breytingartillögur og vísa til nefndarinnar.

Tryggvi (Nökkva) leggur til að Íslandsmót á kænum að vera frá fimmtudegi til sunnudags og byrja fyrr á deginum þannig að dagarnir nýtist betur. Ekki hefja keppni síðdegis eftir að vinnudegi lýkur. Hugmyndinni er vísað til til mótanefndar.

Markús leggur til að opnunarmót kæna fari fram í maí og sumarstarfið hefjist fyrr. Hann benti einnig á skörun við Smáþjóðaleikana og tækifæri kænukeppenda til að bæði taka þátt og fá æfingu á móti áður en þeir keppa á Smáþjóðaleikunum.

Þingforseti benti á að hægt væri að gera breytingartillögur sem vísað væri til nefndarinnar. Bar að því loknu upp dagskrártillögu um að vísa þessum lagabreytingartillögum til nefnda. Dagskrártillagan samþykkt samhljóða.

- Þinghlé – Þingnefndir að störfum

## 14. Gerð grein fyrir starfi nefnda

### a) Fjárhagsnefnd

i) Í fyrsta lagi að eftirstöðvar séu færðar til tekna undir sérlið „Eftirstöðvar ríkisstyrks frá fyrra ári“.

ii) Í öðru lagi að annar kostnaður sé aukinn sem nemur þessari tilfærslu svo niðurstaða fjárhagsáætlunar sýni ekki betri stöðu eingöngu vegna þessa.

iii) Í þriðja lagi að skv. tekjur eru u.þ.b. 1 milljón umfram gjöld. Koma

iv) Nefndin gerir tillögu að því að verklag sé bætt þannig að eldri fjárhagsáætlanir séu ávallt til samanburðar, bæði gagnvart fyrri áætlunum og ársreikningum ásamt stöðu ársreikninga.

v) Einnig leggur nefndin til að bókhaldslyklar verði endurskoðaðir í samræmi við ábendingu ÍSÍ hér að framan (sjá lið 12). Tillögur koma fram á skjali frá nefndinni (sjá **þingskjal 1b**).

### b) Laga- og leikreglanefnd

i) Lagabreytingartillaga 23-01.

Breytingartillaga nefndar lögð fram um að Siglingaþing verði fært til mars (sjá **þingskjal 2b**).

Huga þarf að mótaskrá og kappsiglingareglum SÍL.

ii) Lagabreytingartillaga 23-02

Nefndin leggur til að samþykkja breytingartillögu um að formannsfundir séu haldnir a.m.k. tvisvar á ári, til samráðs fyrir Siglingaþing (án viðbótar vegna lagabreytingartillögu 23-01).

iii) Lagabreytingartillaga 23-03

Nefndin leggur til að tillögunni sé vísað frá og umfjöllun um reglugerðasamþykktir verið tekin föstum tökum og mótuð af stjórn sem vísað getur málinu til nefndar.

Markús leggur til að þessum málum sé vísað til nefndar í stað stjórnar, þar sem nefndir SÍL starfa núna allt árið.

Þingforseti bendir á að almennt sé talið æskilegt að stjórn eigi aðkomu um lagabreytingar. Einnig um það er varðar reglugerðir. Hins vegar sé hefðin sú að lagabreytingar eru undirbúnar af stjórn og þær séu teknar fyrir á aðalfundi.

Marianna benti á að gagnlegt sé fyrir stjórnir að til séu verklagsreglur svo þekking og reynsla glatist ekki

Þingforseti dregur saman um hvað skuli greiða atkvæði á þinginu:

- Breytingartillaga Markúsar við breytingartillögu nefndar við 23-01 - Að málum sé vísað til laganefndar og síðan stjórnar – Samþykkt með 8 á móti 3 atkvæðum.
- Tillaga nefndarinnar að formannafundir verði tvisvar á ári 23 02 – Samþykkt með 10 atkvæðum. Ekkert mótatkvæði.

- Reglugerðartillaga 23-03 – Samþykkt breytingartillaga að vísa tillögu frá í samræmi við starfsreglur ÍSÍ með 9 atkvæðum.

#### *c) Mótanefnd*

i) Breytingar á stigakerfi varðandi Íslandsbikar kjölbáta.

Gunnar Geir gerir grein fyrir störfum nefndarinnar. Nefndin leggur til breytingatillögu um að fella út mót á Sjómannadaginn og hafa þrjú mót sem Íslandsbikar (**þingskjal 7b**) – Breytingatillaga samþykkt með þorra atkvæða gegn engu.

ii) Mótaskrá 2023

Gunnar Geir gerir grein fyrir störfum nefndarinnar, sjá breytingar sem gerð er á framlagðri mótaskrá (**þingskjal 5b**)

Markús (Þyt) leggur fram breytingatillögu að opnunarmót kæna verði 20. (21.) maí og Opnunarmót kæna verði 27. (28.) maí, (**þingskjal 5c**). Aðrar dagsetningar í samræmi við tillögu nefndarinnar. Greidd atkvæði um breytingatillögu – Tillagan felld með 6 atkvæðum gegn 8.

Ólafur Bjarnason (Ými) leggur fram breytingatillögu við tillögu mótanefndar. Að lokamót kjölbáta verði í umsjón Ýmis, í stað Brokeyjar (**þingskjal 5d**). – Breytingatillaga samþykkt með 11 atkvæðum gegn engu.

Breytingatillaga mótanefndar samþykkt með 10 atkvæðum gegn engu.

iii) Mótaskrá 2024 (þingskjal 6) – Samþykkt með 7 atkvæðum gegn engu.

## 15. Kosningar

### *a) Stjórn og varastjórn*

Formaður kosinn:

Gunnar Haraldsson

Aðalmenn kosnir:

Anna Karen Jörgensdóttir (Ými)

Arnar Jónsson (Brokey)

Gauti Elvar Arnarson (Nökkva)

Markús Pétursson

Varamenn kosnir:

María Sif Guðmundsdóttir (Þyt)

Aðalsteinn Jens Loftsson (Ými)

Gunnar Úlfarsson (Nökkva)

### *b) Skoðunarmenn reikninga:*

Ólafur Már Ólafsson (Brokey)

Ragnar Hilmarsson (Haflíða)

### *c) Kosinn fulltrúi á íþróttaping í samræmi við reglur ÍSÍ*

Tillaga um að vísað til stjórnar – Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 16. Lokaorð nýkjörins formanns

Gunnar sagði síðasta ár hafa verið bæði skemmtilegt og lærdómsríkt, þó ekki alltaf auðvelt. Hann sagði hópinn, sem stendur að SÍL og aðildarfélögunum, þrátt fyrir allt, ágreining og þrjósku, vera eins og ein stór fjölskylda SÍL. Góður uppgangur hefur verið hjá SÍL og félögunum eftir Covid og afreksstarfið er á góðri siglingu. Formaður telur að siglingar eigi á mikið inni og mörg tækifæri til sóknar. Að lokum þakkaði hann traustið og gott samstarf við stjórn.

Þakkaði þingforseta röggsama fundarstjórn og sleit þingi.

Þingslit kl. 15:30

**Fjárhagsáætlun SÍL 2023**

<b>Tekjur</b>		<b>2022</b>
ÍSí Lottó	4.000.000	4.300.943
Ríkisstyrkur	2.750.000 stf	2.250.000
ÍSí útbreiðslustyrkur	3.400.000	3.851.145
Afrekssjóður ÍSí	1.162.500 stf	1.315.610
Eftirstöðvar ríkistyrks	500.000	
Aðrar tekjur	2.550.000	2.625.314
<b>Samtals</b>	<b>14.362.500</b>	14.343.012
<b>Útgjöld</b>		
Fundir erl/innanl.	1.000.000	1.298.574
Launakostnaður	9.600.000	7.783.267
Rekstur skrifstofu	1.000.000	1.038.822
Þátttaka í erlendum m	2.500.000	3.577.500
Félagsgjöld	250.000	168.286
Annar kostnaður	950.000	900.340
<b>Samtals</b>	<b>15.300.000</b>	14.766.789

Bæta verklag þannig að samanburður sé fyrir eldir ár og áætlanir Bókahaldslykar verði endurskoðaðaðir í samvinnu við ÍSí



## Lagabreytingartillaga 23-01

### Var

3.4 Þingið skal haldið í febrúar ár hvert. Skal þingið auglýst eða boðað til þess bréflega eða með tölvupósti með 5 vikna fyrirvara og ítrekað síðar. Stjórn SÍL ákveður fundarstað.

### Verður

3.4 Þingið skal haldið í mars ár hvert. Skal þingið auglýst eða boðað til þess bréflega eða með tölvupósti með 5 vikna fyrirvara og ítrekað síðar. Stjórn SÍL ákveður fundarstað.

## Lagabreytingartillaga 23-02

### VAR

7.2 Stjórn SÍL skal gæta þess að formannafundir séu haldnir amk einu sinni á hverju sex mánaða tímabili. (Breyting gerð á 48. Siglingaþingi)

### Verður

7.2 Stjórn SÍL skal gæta þess að formannafundir séu haldnir amk tvisvar á ári. Til samráðs fyrir Siglingaþing og að hausti að loknu keppnistímabili.

~~Ef lagabreytingartillaga 23-01 eru samþykkt þá verður~~

~~7.2 Stjórn SÍL skal gæta þess að formannafundir séu haldnir amk tvisvar á ári. Til samráðs fyrir Siglingaþing að hausti og í febrúar þar sem kynntir eru reikningar sambandsins.~~

## Lagabreytingartillaga 23-03

### 4. Dagskrá siglingabings

#### 17. Kosningar

- a) Stjórn og varastjórn sbr 6 gr.
- b) Kosning fastanefnda (Breyting gerð á 48 Siglingabingi) (Stjórn SÍL á komandi ári þurfi að finna og skilgreina hlutverk þessara nefnda sem verði lagt fyrir SÍLÞING 2022)
  - i) Fjárhagsnefnd 3 manna
  - ii) Laga- og leikreglanefnd 3 manna
  - iii) Mótanefnd 3 manna
- c) Tveir félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga (sbr. lið 2.2).
- ~~d) Fulltrúa á íþróttabing í samræmi við reglur ÍSÍ~~

## 7. Starf stjórnar

### 7.1 Starf stjórnar SÍL er m.a.;

- a) Að framkvæma ályktanir siglingabings
- b) Að annast rekstur sambandsins.
- c) Að vinna að eflingu siglinga.
- d) Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
- e) Að líta eftir því að lög og leikreglur SÍL séu haldnar.
- f) Að semja reglugerðir um starfsemi sambandsins
- ~~f)~~ g) Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
- ~~g)~~ h) Að ráðstafa þeim styrkjum sem SÍL fær til umráða.
- ~~h)~~ i) Að koma fram erlendis fyrir hönd SÍL.
- ~~i)~~ j) Að sjá útgáfumál SÍL.
- k) Velja fulltrúa á íþróttabing í samræmi við reglur ÍSÍ

## Breytingar á stigakerfi varðandi Íslandsbikar kjölbáta.

Keppnisnefnd sem skipuð var af Stjórn SÍL leggur eftirfarandi til breytinga á stigakerfi Íslandsbikars kjölbáta.

Stigakerfi Íslandsbikars breytist þannig að eftirfarandi mót munu tilheyra Íslandsbikars kjölbáta

Opnunarmót

~~Sjómannadagsmót~~

Faxaflóahafnir

Lokamót

Stigakerfið verður eftirfarandi:

Notað er við hefðbundið lágstigakerfi.

~~Ef tekst að ljúka öllum fjórum mótum þá geta keppendur kastað lökustu keppninni~~

## Mótaskrá 2023

Uppfært - Tillaga nefndar

Dags.	Dagur	Mót	Bátategund	Félag	Annað
20.maí	Lau.	Opnunarmót	Kjölbátar	Þytur	Færa til 20. maí
21.maí	Sun.	Opnunarmót	Kjölbátar	varadagur	Færa til 21. maí
4.jún	Sun.	<b>Sjómannadagsmót</b>	Kjölbátar	<b>Brokey</b>	innan félaga
10.jún	Lau.	Opnunarmót	Kænur	Þytur	
11.jún	Sun.	Opnunarmót	Kænur	varadagur	
23.jún	Fös.	<b>Faxaflóahafnir</b>	Kjölbátar	<b>Brokey/Sigurfari</b>	
24.jún	Lau.	Faxaflóahafnir	Kjölbátar	Brokey/Sigurfari	
25.jún	Sun.	Faxaflóahafnir	Kjölbátar	varadagur	
25.jún	Sun.	<b>Æfingabúðir</b>	Kænur	<b>SÍL/-</b>	Dagur 1
26.jún	Mán.	<b>Æfingabúðir</b>	Kænur	<b>SÍL/-</b>	Dagur 2
27.jún	Pri.	<b>Æfingabúðir</b>	Kænur	<b>SÍL / Nökkvi</b>	Dagur 3
28.jún	Mið.	Æfingabúðir	Kænur	<b>SÍL / Nökkvi</b>	Dagur 4
29.jún	Fim.	Æfingabúðir	Kænur	<b>SÍL / Nökkvi</b>	Dagur 5
30.jún	Fös.	<b>Miðsumarmót</b>	Kænur	<b>SÍL / Nökkvi</b>	Dagur 6 - mót
1.júl	Lau.	Miðsumarmót	Kænur	<b>SÍL / Nökkvi</b>	Dagur 7 - mót
9.ágú	Mið.	<b>Íslandsmót</b>	Kænur		
10.ágú	Fim.	<b>Íslandsmót</b>	Kænur	<b>Brokey</b>	
11.ágú	Fös.	Íslandsmót	Kænur	Brokey	
12.ágú	Lau.	Íslandsmót	Kænur	Brokey	
13.ágú	Sun.	Íslandsmót	Kænur	varadagur	
16.ágú	Mið.	<b>Íslandsmót</b>	Kjölbátar		
17.ágú	Fim.	<b>Íslandsmót</b>	Kjölbátar	Þytur	
18.ágú	Fös.	Íslandsmót	Kjölbátar	Þytur	
19.ágú	Lau.	Íslandsmót	Kjölbátar	Þytur	
20.ágú	Sun.	Íslandsmót	Kjölbátar	varadagur	
26.ágú	Sun.	<b>Akureyramót, lokamót</b>	Kænur	<b>Nökkvi</b>	
27.ágú	Pri.	Akureyramót, lokamót	Kænur	varadagur	
2.sep	Lau.	Mót á ljósanott	Kjölbátar/kænu	Knörr/SÍL	
3.sep	Sun.	Mót á ljósanott	Kjölbátar/kænu	varadagur	
16.sep	Lau.	Lokamót	Kjölbátar	<b>Ýmir</b>	
17.sep	Sun.	Lokamót	Kjölbátar	varadagur	
31.des	Lau.	<b>Áramót</b>	Kænur/kjölbáta	<b>Ýmir</b>	

## Mótaskrá 2024

Dags.	Dagur	Mót	Bátategund	Félag	Annað
25.maí	Lau.	Opnunarmót	Kjölbátar		
26.maí	Sun.	Opnunarmót	Kjölbátar		
2.jún	Sun.	<b>Sjómannadagsmót</b>	Kjölbátar	<b>Brokey</b>	
8.jún	Lau.	<b>Opnunarmót</b>	Kænur		
9.jún	Sun.	Opnunarmót	Kænur		
21.jún	Fös.	<b>Faxaflóahafnir</b>	Kjölbátar	<b>Brokey/Sigurfari</b>	
22.jún	Lau.	Faxaflóahafnir	Kjölbátar	Brokey/Sigurfari	
23.jún	Sun.	Faxaflóahafnir	Kjölbátar	Brokey/Sigurfari	
30.jún	Sun.	<b>Æfingabúðir</b>	Kænur	<b>SÍL /</b>	Dagur 1
1.júl	Mán.	Æfingabúðir	Kænur	<b>SÍL /</b>	Dagur 2
2.júl	Þri.	Æfingabúðir	Kænur	<b>SÍL /</b>	Dagur 3
3.júl	Mið.	Æfingabúðir	Kænur	<b>SÍL /</b>	Dagur 4
4.júl	Fim.	Æfingabúðir	Kænur	<b>SÍL /</b>	Dagur 5
5.júl	Fös.	<b>Miðsumarmót</b>	Kænur	<b>SÍL /</b>	Dagur 6 - mót
6.júl	Lau.	Miðsumarmót	Kænur	<b>SÍL /</b>	Dagur 7 - mót.
7.ágú	Mið.	<b>Íslandsmót</b>	Kænur		
8.ágú	Fim.	Íslandsmót	Kænur		Frídagur versl.
9.ágú	Fös.	Íslandsmót	Kænur		
10.ágú	Lau.	Íslandsmót	Kænur		
11.ágú	Sun.	Íslandsmót	Kænur		
14.ágú	Mið.	<b>Íslandsmót</b>	Kjölbátar		
15.ágú	Fim.	Íslandsmót	Kjölbátar		
16.ágú	Fös.	Íslandsmót	Kjölbátar		
17.ágú	Lau.	Íslandsmót	Kjölbátar		
18.ágú	Sun.	Íslandsmót	Kjölbátar		
24.ágú	Lau.	<b>Akureyramót, lokamót</b>	Kænur	<b>Nökkvi</b>	
25.ágú	Sun.	Akureyramót, lokamót	Kænur	Nökkvi	
31.ágú	Lau.	Mót á ljósanott	Kjölbátar/kær	Knörr/SÍL	
1.sep	Sun.	Mót á ljósanott	Kjölbátar/kær	Knörr/SÍL	
21.sep	Lau.	Lokamót	Kjölbátar		
22.sep	Sun.	Lokamót	Kjölbátar		
31.des	Lau.	<b>Áramót</b>	Kænur	<b>Ýmir</b>	